

SUMARTÓNLEIKAR
LISTASAFNS SIGURJÓNS
1998

Þriðjudaginn 30. júní kl. 20:30
Pórunn Guðmundsdóttir sópran
og **Kristinn Örn Kristinsson**
píanó. Lög eftir Gunnar Reyni
Sveinsson, Hjálmar H. Ragnars-
son, Jón Leifs, Jerome Kern og
Gershwin.

Þriðjudaginn 7. júlí kl. 20:30
Kristján Eldjárn gítar. Einleiks-
verk eftir Fernando Sor, J. S.
Bach, Leo Brouwer og Jón
Ásgeirsson.

Þriðjudaginn 14. júlí kl. 20:30
Jón Sigurðsson leikur á píanó
verk eftir J.S. Bach, Beethoven og
F. Chopin.

Þriðjudaginn 21. júlí kl. 20:30
Hildigunnur Halldórsdóttir fiðla
og **Örn Magnússon** píanó leika
verk eftir Sveinbjörn Sveinbjörns-
son, Jean Sibelius og Edvard
Grieg.

Þriðjudaginn 28. júlí kl. 20:30
Gítarleikararnir **Halldór Már**
Stefánsson, María José Boira,
Francesc Ballart og **David**
Murgadas leika verk eftir M.
Llobet, F. Mompou, M. Ravel, L.
Brouwer, F. Moreno-Torroba og
E. Granados.

Þriðjudaginn 4. ágúst kl. 20:30
Tónleikar falla niður.

Sunnudaginn 9. ágúst kl. 17:00
Berglind Björgúlfsdóttir syngur
við undirleik Steinunnar Birnu
Ragnarsdóttur.

Þriðjudaginn 11. ágúst kl. 20:30
Tónleikar falla niður.

Þriðjudaginn 18. ágúst kl. 20:30
Elisabeth Zeuthen fiðla og
Halldór Haraldsson píanó.
Sónötur eftir J. P. E. Hartmann,
Emil Hartmann og Carl Nielsen.

Þriðjudaginn 25. ágúst kl. 20:30
Kristjana Helgadóttir flauta og
Dario Macaluso gítar. Verk eftir
Mauro Giuliani, Astor Piazzolla,
Þorkel Sigurbjörnsson, Alberto
Ginastera, Heitor Villa-Lobos og
Riccardo Malipiero.

Þriðjudaginn 1. sept. kl. 20:30
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla, **Junah**
Chung lágfiðla og **Sigurður**
Halldórsson selló, leika
strengjatrío eftir Beethoven,
Schönberg og Schubert.

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Berglind Björgúlfsdóttir
sópran
Steinunn Birna Ragnarsdóttir
píanóleikari

Berglind Björgúlfsdóttir sópran stundaði söngnám við Tónlistarskólann í Garðabæ undir handleiðslu Snæbjargar Snæbjarnardóttur. Þaðan hélt hún til Bandaríkjanna og lauk BA prófi í söng frá Mills College í Oakland, Kaliforníu vorið 1994. Berglind sótti síðan einkatíma í San Francisco hjá Blanche Thebom, mezzosópran við Metropolitan óperuna í New York. Berglind hefur starfað með Berkeley óperunni og stofnaði söngdúettinn Vocalísu ásamt Joyce Liu og hafa þær komið fram víða á tónleikum í San Francisco og nágrenni.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir er vel þekkt úr íslensku tónlistarlífi. Hún lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1981 þar sem hún naut leiðsagnar Árna Kristjánssonar. Meistaragráðu lauk hún frá New England Conservatory of Music í Boston árið 1987, undir handleiðslu Leonard Shure. Hún hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum hér á landi og erlendis og hlotið viðurkenningar fyrir leik sinn. Steinunn Birna er listrænn stjórnandi Reykholtshátíðar.

Efnisskrá

Christoph W. von Gluck 1714 - 1787	O del mio dolce ardor
Giovanni B. Pergolesi 1710 - 1736	Se tu m'ami, se sospiri
Antonio Vivaldi 1678 - 1741	Sposa son disprezzata
W. A. Mozart 1756 - 1791	Porgi amor <i>Úr brúðkaupi Figarós</i>
Francesco Ciléa 1866 - 1950	Io son l'umile ancella <i>Úr Adriana Lecouvreur</i>
Giacomo Puccini 1858 - 1924	Un bel di vedremo <i>Úr Madame Butterfly</i>

stutt hlé

Eyþór Stefánsson	Myndin þín
Jón Ásgeirsson	Vísur Vatnsenda-Rósu
Páll Ísólfsson	Kossavísur
Hjálmar H. Ragnarsson	Hjá fljótinu
Leifur Þórarinnsson	Sumarást
Páll Ísólfsson	Í dag skein sól
Emil Thoroddsen	Búðarvísa

Pú sem ég þrái af sætri ástríðu (*O del mio dolce ardor*)

Pú sem ég þrái
af sætri ástríðu,
loks anda ég að mér
sama lofti og þú.
Hvert sem ég lít
málar ástin
fagra mynd þína,
og hugur minn töfrar
fram sælustu vonir,
og í heitri þrá
sem fyllir hjarta mitt
leita ég þín, kalla á þig,
vona og styn.

Þýðing: Þorsteinn Gylfason

Ef þú elskar mig og þráir (*Se tu m'ami, se sospiri*)

Ef þú elskar mig og þráir, góði vin,
þá gleðst hjarta mitt yfir ást þinni
og kvelst, ef þér sárnar.
Ef þú hyggur, að bros mín séu þér einum ætluð,
þá skjátlást þér.
Hún Sylvia kynni að finna sér ástvin, líkan rauðri rós.
En væru á rósinni þyrnar, yrði henni fljótlega fleygt.
Því er svo varið,
að þótt ég elski liljuna,
þá er fjarri því að ég gleymi öðrum blómum.

Þýðing: Þorsteinn Gylfason

Ég er lítilsvirt eiginkona (*Sposa son disprezzata*)

Ég er lítilsvirt eiginkona
ég er trú, samt svívirt.
Himinn, hvað geri ég?
Og samt elska ég hann,
eiginmann minn, ást mína,
von mína.

Lausleg þýðing: Berglind Björgúlfsdóttir

Færðu mér, Amor (*Porgi, amor*)

Færðu mér, Amor
einhverja huggun
við sorg minni,
við andvörpum mínum!

Gefðu mér aftur
minn heittelskaða,
eða láttu mig annars
deyja!

Lausleg þýðing: Berglind Björgúlfsdóttir

Ég er vesöl ambátt (*Io son l'umile ancilla*)

Sjáðu! Ég anda varla.

Ég er vesöl ambátt
hins skapandi snillings;
Hann gefur mér málið,
ég rétti það áfram til hjartans.

Ég er áherzla kvæðanna hans,
bergmál af mannlegum sorgarleik,
hið brotgjarna hljóðfæri
sem er höndinni undirgefið.

Ég er mild, glaðlynd, grimm,
ég kalla mig Trygglyndi:
Rödd mín er andardráttur
sem deyr þegar morgnar.

Þýðing: Reynir Axelsson

Einn góðan veðurdag sjáum við (*Un bel di vedremo*)

Einn góðan veðurdag sjáum við
reikjarþráð stíga upp úti í hafsauga.
Og svo kemur skipið í ljós.

Svo siglir hvíta skipið
inn höfnina, þrumar kveðju sína.

Sérðu? Hann er kominn!
Ég fer ekki að hitta hann.

Ekki ég. Ég tek mér stöðu
þarna á hæðarbrúninni

og bíð, og bíð
langalengi og mér leiðist ekkert
þessi langa bíð.

Og... út úr þrönginni í borginni
kemur maður, pínulítil punktur
leggur af stað upp hæðina.

Hver er það? Hver er það?

Og þegar hann er kominn,
hvað segir hann? Hvað segir hann?
Hann kallar „Butterfly“ úr fjarska.

Ég gef honum ekkert svar
en fel mig fyrir honum
hálfvegis í gamni og hálfvegis til að
deyja ekki

þegar við hittumst fyrst, og dálítið
áhyggjufullur

kallar hann og kallar:

„Undurlitla eiginkona,
blómailmurinn minn“,

nöfnin sem hann gaf mér þegar hann kom.

Allt þetta á eftir að gerast,

því lofa ég þér.

Eigðu þinn ótta,-

ég bíð hans

með óbifandi trú.

Þýðing: Reynir Axelsson